

**Öskjuhlíðarskóli
Bekkjarnámskrá**

7. bekkur

Veturinn 2009 – 2010

Inngangur

Nám nemenda í Öskjuhlíðarskóla er að mestum hluta einstaklingsmiðað. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur skólans m.a. í móðurmáli og rökhugsun/stærðfræði og öðrum þeim námsþáttum sem aðlaga þarf sérstaklega að þörfum einstakra nemenda.

Bekkjaráætlanir eru gerðar fyrir alla bekki skólans og taka þær mið af skólanámskrá. Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla byggist á þrepaskiptingu námsgreina. Með þrepaskiptri námskrá er átt við að nemendum með ólíkar námsþarfir og getu sé kennt saman í hópi og hafi sameiginlegt viðfangsefni og meginmarkmið en að einstaklingarnir innan hópsins séu með mismunandi verkefni og undirmarkmið.

Nemendafjöldi:

Í 7. bekk eru 8 nemendur, 4 drengir og 4 stúlkur.

Starfsmenn bekkjarins eru:

Hlynur Áskelsson, umsjónarkennari

Eva Dögg Jafetsdóttir, þroskaþjálfari

Gunnhildur Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi

Árni Grétar Sigurjónsson, stuðningsfulltrúi

Sérgreinakennarar eru:

Auður Ásgeirsdóttir, heimilisfræði

Ásta Ísberg, íþróttir

Baldur Þorsteinsson, íþróttir

Finna Birna Steinsson, textílmennnt/saumar

Elsa Guðmundsdóttir, myndmennt

Gerður Leifsdóttir, hönnun og smíði

Ólafur B. Ólafsson, tónmennt

Fastir viðtalstímar umsjónarkennara og þroskaþjálfara:

Hlynur Áskelsson, föstudaga kl. 10:10-10:50

Eva Dögg Jafetsdóttir, fimmtudaga kl. 8:50-9:30

Tímafjöldi:

Á stundaskrá eru 32,5 kennslustundir á viku, bóklegar og verklegar.

Nestistímar eru alla daga vikunnar 20 mínútur í senn.

Hádegis- og næðisstund er alla daga vikunnar, 1 klst. á dag.

Nemendum gefst kostur á að kaupa heitan mat í hádeginu.

Sundnámskeið er þrisvar sinnum í viku, þrjár vikur í senn fyrir og eftir áramót.

Kennsluskipulag:

Bekkurinn er óskiptur í bóklegum tímum, móðurmáli, stærðfræði, samfélagsfræði, lífsleikni, ensku og tölvunámi. Tveimur og hálfri kennslustundum í viku er varið til tólmstundaiðju. Allir í bekknum fá kennslu í hverri viku í íþróttum, tónmennt, myndmennt, heimilisfræði, smíðum og textílmennt. Í textílmennt/saumum, hönnun/smíði, íþróttum og heimilsfræðitímum er bekknum skipt í tvo hópa. Tveir nemendur eru í hreyfipjálfun 2 kennslustundir á viku og fá sömuleiðis sundkennslu vikulega yfir veturinn.

Þá fá nemendur tilboð í 2 stundir í viku í íþróttahúsinu í Hátúni.

Allir nemendur ferðast með skólabílum milli heimila og skóla.

Foreldrasamstarf:

Foreldrar og kennarar hittast á foreldrafundum þrisvar sinnum á skólaárinu. Kennarar hafa fastan símatíma einu sinni í viku og foreldrar geta einnig hringt á öðrum tíma ef þörf er. Þá ert tölvupóstur notaður, ef þörf þykir og fréttabréf um bekkjarstarfið eru send heim öðru hverju.

Móðurmál

Meginmarkmið:

Að því skal stefnt:

- að málskilningur nemenda aukist
- að nemendur nái þeirri færni í lestri að geta lesið sér til gagns og ánægju
- að nemendur læri að alla íslensku bókstafina og læri að draga rétt til stafs
- að nemdur þjálfist í að skrifa eftir forskrift
- að nemendur þjálfast í að segja frá ýmsu sem þeir hafa upplifað og hlusta á aðra.
- að nemendur bæti framburð sinn og auki orðaforða

Leiðir:

- talað mál
- hlustun
- lestur
- skrift
- umræður
- málörvun, ný orð
- skýr og áheyrilegur framburður
- nokkur atriði í málfræði
(sjá einstaklingsnámsáætlanir)

Námsmat:

Fylgst verður með framförum nemenda yfir veturinn með munnlegum og skriflegum könnunum

Stærðfræði

Meginmarkmið:

Að því skal stefnt að:

- nemendur nái tókum á grunnatriðum þess að leggja saman og draga frá
- nemendur læri að nota stærðfræðihugtök sem tengjast samlagningu og frádrætti
- þjálfist í meðferð talna við léttar reikningsaðgerðir
- nemendur það góðum tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar að hún nýtist þeim í daglegu lífi og að jafnframt megi byggja á henni til frekara náms.

Viðfangsefni:

- magn-, venslahugtök
- flokkun, röðun, pörun.
- stærðar-, form-, stöðu- og fjöldahugtök.
- tölur og talnagildi.
- samlagning.
- frádráttur.
- heiti á mynt og seðlum og verðgild þeirra.
- peningar, reiða fram upphæðir og gefa til baka
- nota vasareikni.
- klukkan, heilu og hálfu tímarnir og korter í og yfir.
(sjá einstaklingsáætlanir)

Námsmat:

Fylgst verður með framförum nemenda yfir veturinn með munnlegum og skriflegum

Tölvur

Meginmarkmið:

Að nemendur kynnist möguleikum tölvunnar til náms og leikja. Áhersla verður lögð á nokkur grunnatriði í rit- og myndvinnslu, notkun kennsluforrita og fl. forrita og internetið.

Viðfangsefni:

- nokkur grunnatriði í ritvinnslu, s.s. stærð og gerðir leturs
- myndvinnsla s.s. afritun mynda, stækka og minnka, líma og fl.
- kennsluforrit, hvar staðsett og hvernig þau virka
- grunnatriði í algengum forritum s.s. Paint og Word
- vafra á neti/leitarvélar

Leiðir:

- vinna í tölvu, sem er nettengd

Námsgögn:

- ýmis forrit og verkefni á neti

Námsmat:

- símat, þar sem árangur er skráður jafnóðum

Lífsleikni

Ársmarkmið:

Að nemandinn fræðist um

- líkamann
- hollar lífsvenjur
- hreinlæti
- tilfinningar
- vináttu
- tillitsemi og kurteisi

Annarmarkmið:

Að nemandinn

- átti sig á því að hann sé einstök lífvera sem býr í flóknum líkama
- geti greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg, reiði
- fræðist um hollar lífs- og næringarvenjur eins og hreinlæti, hvíld og mataræði
- geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf hans, líðan og samskipti við annað fólk
- virði og átti sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum
- geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér:
 - færni í samvinnu
 - að sýna tillitssemi
 - að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Leiðir:

- tveimur kennslustund á viku verður varið til kennslu í lífsleikni
- kennsla mun fara fram með virkri þátttöku nemenda þar sem þeir verða hvattir til að tala og tjá sig

Námsgögn:

- stuðst verður við fjölrít, fjölmiðla, myndbönd og myndir til að auka skilning nemenda, varpa fram hugmyndum og hvetja þá til umræðna

Námsmat

- símat, þar sem árangur er skráður jafnóðum og einstökum verkefnum er lokið

Enska

Ársmarkmið

Að nemandinn

- öðlist þjálfun í grunnatriðum enskrar tungu
- auki orðaforða, þjálfist í framburði, hlustun, myndun setninga og þátttöku í léttum samræðum
- átti sig á því að enska er töluð í mörgum löndum og af milljónum manna

Annarmarkmið

Að nemandinn

- læri nöfn á algengustu litum. Gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, appelsínugulur
- læri að telja upp á 20
- læri nöfn á dögum og mánuðum
- læri enska stafrófið
- læri að kynna sig
- átti sig á umfangi enskrar tungu í heiminum í dag

Leiðir

- ein kennslustund á viku verður varið til enskukennslu
- kennsla mun fara fram með virkri þátttöku nemenda þar sem þeir verða hvattir til að tala og tjá sig á ensku.
- stuðst verður við myndir, myndbönd, hljóðsnældur, bækur og spil þar sem því verður við komið til að auka skilning nemenda og hvetja þá til umræðna.

Námsgögn

- Let's Go 1. hefti, verkefnabók og hljóðsnælda sem henni fylgir
- Valið fjölritað efni.

Námsmat

- munnlegt próf úr námsefni vetrarins
- símat, þar sem árangur er skráður jafnóðum og einstökum verkefnum er lokið

Samfélagsfræði

Ársmarkmið

Að nemandinn

- kynnist landnámi Íslands og helstu landnámsmönnum
- læri um sögu Íslands
- kynnist hugtökunum: Náttúra, menning, himingeimurinn, tækni og vísindi

Annarmarkmið

Að nemandinn

- kynnist því fólki sem nam hér fyrst land
- læri um lífshætti landnámsmanna og fólks á víkingaöld
- læri að þekkja og staðsetja Ísland á korti
- hugtökin náttúra, menning, himingeimurinn, tækni og vísindi verða útskýrð og nemendum kynnti hvernig ýmis mannanna verk hafa þróast og breyst í gegnum aldirnar

Leiðir

- tveimur kennslustund á viku verður varið til kennslu í samfélagsfræði
- kennsla mun fara fram með virkri þátttöku nemenda þar sem þeir verða hvattir til að tala og tjá sig

Námsgögn

- námsefni af Skolavefnum,
- stuðst verður við fjölrít, myndbönd og myndir til að auka skilning nemenda, varpa fram hugmyndum og hvetja þá til umræðna
- Googleearth.com

Námsmat

- símat, þar sem árangur er skráður jafnóðum og einstökum verkefnum er lokið

Tómstundir

Markmið:

Nemendur læri að hafa ofan af fyrir sér og njóta tómstunda.

Leiðir:

- spila á spil.
- tölva.
- hlusta á tónlist.
- teikna.
- horfa á myndbönd.
- útileikir.
- stofuleikir o.fl.

Bókasafn

Kennari: Kristín Rós Hákonardóttir

Í bekknum eru 8 nemendur. Þeim er skipt niður í tvo hópa og hver hópur fær einn tíma á viku á bókasafninu.

Ársmarkmið:

Að nemendur

- kynnist því að vera á bókasafni.
- læri að skoða og umgangast bækur á safninu og ganga frá þeim aftur í hillur.
- læri að virða og fara eftir reglum sem gilda á safninu. Gangu vel um bókasafnið.
- fái hvatningu til að skoða bækur og lesa bækur og efla þestraráhuga.
- læri að leita að bókum með því að nýta sér Dewey uppröðunarkerfið.

Námsefni

Bækur safnsins.

Verkefni frá kennara.

Kennsluhættir

Nemendur vinna verkefnablöð í samráði við bókasafnskennara og svara ýmsum spurningum varðandi Dewey uppröðunarkerfið. Það verða líka lesnar sögur fyrir nemendur. Eftir lesturinn verða verkefni unnin og síðan er frjáls tími.

Leiðir:

Munnleg fyrirmæli og leiðsögn.

Námsmat:

Með símati, skráningu og tékklistum er fylgst með námsframförum hvers nemenda yfir veturinn.

Heimilisfræði

Kennari: Auður Ásgeirsdóttir

Í bekknum eru 8 nemendur sem koma í heimilisfræði 2 tíma aðra hverja viku, allan veturinn.

Áfangamarkmið 6. - 7. bekkjar samkvæmt skólanámsskrá Öskjuhlíðarskóla eru:

- Að nemendur viti að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.
- Að nemendur geti farið eftir myndrænum og/eða einföldum skrifuðum leiðbeiningum.
- Að nemendur geti notað einföld mælitæki.
- Að nemendur hafi fengið þjálfun í að vinna að léttum matreiðsluverkefnum.
- Að nemendur geti tekið þátt í að ganga frá að verki loknu.
- Að nemendur þekki hugtökin umhverfisvernd og endurnýting.
- Að nemendur að hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti.
- Að nemendur þekki orð og skilji hugtök sem tengjast viðfangsefninu.

Prepamarkmið:

Að nemendur:

- þekki að til eru hollar og óhollar fæðutegundir.
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar.
- læri að lesa einfaldar / myndrænar uppskriftir, byrja fremst og vinna verkefnið í rétttri röð.
- þekki dl mál, matskeið og teskeið og kynnist einföldum áhöldum.
- temji sér að þvo hendur áður en starf hefst í eldhúsi.
- venjist því að setja upp svuntu, bretta upp ermar og binda um sítt hár áður en hafist er handa við matreiðslu.
- fái verklega þjálfun í samvinnu við kennara.
- læri að brytja ávexti og grænmeti með hnífi.
- geti smurt brauð og skorið álegg.
- læri að leggja á borð.
- læri að þvo upp og ganga frá áhöldum, einnig að setja í uppþvottavél.
- læri að þvo vinnuborð sitt og skola úr og vinda borðklútinn.
- læri algeng hugtök sem notuð eru í heimilisfræðinni (t.d. ofan á, undir, heitt, volgt, kalt, að sjóða, að kæla o.fl.).
- læri að setjast að sameiginlegu borðhaldi, hella í glasið sitt, skammta sér hæfilega mikið á diskinn og temji sér kurteisi.

Verkefni:

Í flestum tímum eru sömu verkefni lögð fyrir nemendur bekkjarins og þeir hvattir til að vinna sjálfstætt, en nemendur fá mismikla aðstoð eftir færni og getu. Reynt er að hafa einföld verkefni sem þeir nemendur bekkjarins sem þurfa mikla aðstoð, geta unnið nokkuð sjálfstætt og sömu verkefni verða unnin oftár en einu sinni yfir árið. Í stöku tíma fá nemendur misjöfn verkefni sem henta getu hvers og eins.

Það sem nemendur matreiða er m.a.:

- Ávaxtasalat
 - Baka brauð
 - Hafragrautur
 - Smyrja brauð
- o.fl. ...

Leiðir:

Skriflegar og myndrænar uppskriftir, munnleg fyrirmæli, sýnikennsla og handstýring.

Námsmat:

Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn og kennari skráir hvernig tíminn gékk eftir hvern tíma.

Íþróttir

Kennarar: Baldur Þorsteinsson og Ásta Ísberg

Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva skyn og hreyfiþroska hvers nemenda, þrek hans og afkastagetu og stuðla að heilbrigði einstaklingsins. Auk þess að vekja áhuga hjá nemendum á reglubundinni hreyfingu.

Í þessum aldursþópum, 5.-7. bekk eru nemendur yfirleitt móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og því er lögð áhersla á að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar og byrja að kenna þeim undirstöðuatriði helstu íþróttagreina.

Færnimiðuð yfirmarkmið:

- Bæta líkamshreysti
- Bæta líkamsreisl
- Örva grófhreyfingar nemenda og þroska taugakerfið
- Þjálfar grófhreyfingar s.s. skríða, ganga, hlaupa, klifra
- Bæta líkamlegan styrk
- Auka jafnvægi
- Efla úthald og þol
- Auka samhæfingu
- Þjálfar boltameðferð
- Kynna sem flestar íþróttir fyrir nemendum skólans

Félagsleg yfirmarkmið:

- Efla áhuga á íþróttum
- Efla sjálfsöryggi hjá nemendum
- Efla þor nemenda til að æfa sig með öðrum börnum
- Að nemendur upplifi jákvæða mynd af sér í æfingum og leik
- Að nemendur öðlist þekkingu á eigin líkamlegri getu við ýmis konar æfingar og leik
- Að örva nemendur til áframhaldandi dáða í sínu nánasta umhverfi.

Einstaklingsáætlanir:

Til að koma til móts við alla nemendur með sérþarfir og sérstaklega þá sem eiga erfitt með að fylgja hópanámskrá skólans í íþróttum sem er miðuð við börn með sérþarfir, setjum við upp einstaklingsáætlanir þar sem æfingar eru valdar með tilliti til hvers nemenda.

Æfingarnar eru setta fram myndrænt í æfingabók

Myndmennt

Kennari: Elsa Guðmundsdóttir

Meginmarkmið samkvæmt skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla:

- Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda eflist.
- Að athyglisgáfa nemenda örvist, svo að þeir verði sem best læsir á umhverfi sitt og skynji og skilji boðskap þess myndmáls, sem daglega ber fyrir augu.
- Að fínhyfingar nemenda styrkist, frumkvæði þeirra og hagkvæm vinnubrögð eflist, svo að þeir verði sem mest sjálfbjarga í verki.

Í þessum hópi er talsverð áhersla lögð á frjálssa myndsköpun, bæði með málun og teiknun.

Talsvert er málað með þekjulitum, lögð áhersla á rétt grip og meðferð pensla og lita. Eru m.a. unnin ýmis einföld verkefni í því skyni að æfa þessa þætti.

Þrykkt er með svampi, korktöppum, kartöflum, o.fl.

Leitast er við að þroska litaskyn: dökkir litir og ljósir, litir árstíða, einföld litablöndun. Unnin eru verkefni, sem tengjast náttúrunni, veðri, árstíðum, o.fl.

Nemendur eru æfðir í að gera frumformin: hring, ferhyrning, þríhyrning og að nota þau við myndgerð sína.

Haldið er áfram að vinna verkefni, sem þjálfa tilfinningu fyrir mannlíkamanum og líkamsskynjun.

Unnin eru klippiverkefni, þar sem æft er að klippa, bæði eftir beinum línunum og bognum, og nemendur fást við einfalt brotaklipp. Einnig er unnið með fleiri aðferðum, svo sem að rífa, krumpa, líma og hefta.

Leir er notaður, rúllað, hnoðað og mótað.

Unnin eru föndurverkefni, þar sem notað er ýmis konar verðlítið efni.

Samþætting við samfélagsfræði og aðrar námsgreinar er viðhöfð, þegar tilefni þykir til.

Námsmat: Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

Hönnun og smíði

Kennari: Gerður Leifsdóttir

Í bekknum eru 8 nemendur og er þeim skipt í þrjá hópa sem fá einn tíma í **hönnun og smíði** allan veturinn.

Ársmarkmið samkvæmt skólanámsskrá Öskjuhlíðarskóla í mynd og handmennt eru m.a:

- Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemendanna eflist.
- Að fínhreyfingar nemendanna styrkist.
- Að áhugi nemenda á nytsömu og þroskandi tómskundastarfi eflist.

Annarmarkmið:

- Að nemendur vinni sjálfstætt.
- Að nemendur læri að nota einföld handverkfæri, s.s útsögunarsög, slípkubb, hamar skrúfjárn og pensil.
- Að nemendur taki þátt í hönnun á sínu verkefni
- Að nemendur læri hugtök og heiti þess, sem þau vinna með hverju sinni í smíðastofu.

Verkefni:

Leitast er við að hafa sama verkefnið fyrir nemendur, en útfærsla á verkefni getur verið mismunandi eftir getu hvers og eins. Fugl í böndum, unnið með ferskan við, kubbadagatal og fleira.

Leiðir:

Myndstýring, handstýring, sýnikennsla, munnleg fyrirmæli.

Námsmat :

Með skráningu er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

Textílmennt

Kennari: Finna Birna Steinsson

Í bekknum eru 8 nemendur sem skipt er í þrjá hópa.

Annarmarkmið:

Að nemendur:

- þjálfist í að nota og beita helstu áhöldum greinarinnar, svo sem skærum - nálum -títuprjónum og saumavél.
- þræði grófa/fína nál og gangi frá enda.
- saumi stagl, þræðispor, leggsaum, aftursting, krosssaum.
- næli saman efni og saumi það saman í saumavél.
- þæfi ull.

Ársmarkmið:

Í framhaldi af markmiðunum hér að ofan verður á vormissierinu leitast við að efla úthald og einbeitingu við þessa verkþætti.

Verkefni:

Leitast er við að hafa sama viðfangsefnið fyrir nemendur, en verkefni einstakra nemenda og lítilla hópa geta verið mismunandi að þyngd og umfangi. Af verkefnum má nefna pennaveski, púða og þæfða mynd.

Leiðir:

Munnleg fyriræli, fyrirmyndir, sýnikennsla og handstýring.

Námsmat:

Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn. Skráning um virkni og úthald eftir hvern tíma. Samantekt um hvern nemanda skráð í lok skólaárs.

Tónmennt

Kennari: Ólafur B. Ólafsson

Fjöldi tíma: Tvær kennslustundir á viku.

Söngur og sönglög. Rifjuð upp sönglög frá fyrri árum. Nýtt efni einnig tekin fyrir og m.a. textamyndir notaðar svo og tákni. Einsöngur viðhafður og einnig syngja nokkrir nemendur saman frammi fyrir hinum. Hljóðnemi notaður af og til enda margir nemendur bekkjarins duglegir að syngja.

Ásláttur. Rifjuð upp meðferð þeirra hljóðfæra, sem áður voru notuð. Sérstök áhersla lögð á það að fara vel yfir öll ásláttarhljóðfærin aftur. Nemendur mynda 3- 4 manna ásláttarhópa til þess að auka fjölbreytnina. Trommusettt notað af og til og nýjar trommuæfingar kynntar og æfðar samhliða þeim sem áður hefur verið unnið með.

Að hlusta og horfa. Hljómsnældur og geisladiskar úr hljóðflutningstækum og einnig sjónvarp (myndband) er notað þegar horft er og hlustað. Tölvun einnig notuð t.d. tónmenntarvefur Námsgagnastofnunar og Menntasviðs og tónlistarforrit.

Leikhús. Kennslugögn eins og hljóðfæri, hattar og handbrúður iðulega notuð í leikhúsvinnunni og nemendur koma fram bæði einir og með öðrum. Tilgangurinn með leikhúsinu auk tónlistarinnar er að skapa sjálftraust hjá hverjum og einum.

Dansar. Tveir og tveir dansa saman og algengir hreyfi- og hringdansar eru líka allmikið æfðir. Sumir dansanna tengjast árvissum viðburðum eins og t.d. jólum og þorablóti. Nemendur fást líka við danssköpun eða túlkum á dýrum fiskum og fuglum.

Samþætting. Verður viðhöfð eftir því sem skólaskipulag eð óskir kennara þróast og tónmenntarkennari er tilbúinn með samþættingarverkefni ef með þarf t.d. á þemadögum.

Námsmat: Símat.